



Skólanefnd kom saman til fundar í fundarherbergi skólans, þriðjudaginn 20. mars 2018, kl. 10.00. Undirritaðir mættir.

### Dagskrá:

1. Skólahald vorannar
  - nemendatölur
  - mannahald
2. Orlof skólameistara
3. Vinna með Gallup
4. Nýtt skipurit skólans
5. Námskrárvinna
6. Handbók fyrir starfsmenn og nemendur
7. Fjármál
8. Önnur mál

### Afgreiðslur:

Gunnsteinn Björnsson formaður skólanefndar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján, áfangastjóri fór yfir nemendatölur vegna haustannar 2017, fór hann yfir skiptingu eftir kyni og brautum. Nemendur voru 496 á haustönn. Einnig fór hann yfir tölur vegna brottfalls eininga frá 2012 til og með haust 2017. Fór hann yfir aldursdreifingu í skólanum og skiptingu eftir búsetu. Kristján fór einnig yfir áætlaðan fjölda nýnnritaða á haustönn 2018. Nemendur á vorönn 2018 eru 572. Skólameistari fór yfir breytingar á mannahaldi á vorönn og sagði hún frá afleysingum vegna veikinda.
2. Ingileif, skólameistari sagði frá því að hún er að fara í námsorlof næsta skólaár. Þorkell Þorsteinsson tekur við embætti skólameistara og Kristján B. Halldórsson verður aðstoðarskólameistari og Íris Helma Ómarsdóttir verður áfangastjóri. Skólanefnd óskaði henni góðs gengis.
3. Skólameistari sagði frá vinnu í samstarfi við Gallup. Sú vinna heldur áfram í haust.
4. Þorkell aðstoðarskólameistari fór yfir og kynnti nýtt skipurit FNV sem tekur gildi 1. ágúst n.k.
5. Ingileif greindi frá áhuga á matvælanámi, sem væri eitt ár með framlengingu á frekari, námi, etv mjólkurtækni námi, sótt hefur verið um styrk til að ráða verkefnastjóra til að skoða þessi mál. Kristján og Þorkell fóru yfir breytingar á iðnbrautum, en verið er

---

Póstfang /adress number	Símanúmer /phone	Fax	Netfang/e-mail adress	Kennitala/id-
Bóknámshúsinu 550 Sauðárkrókur	455 8000	455 8099	<a href="mailto:fnv@fnv.is">fnv@fnv.is</a>	431080-0289



að breyta þeim í nýrri námsskrá. Meistaraskólinn hefur verið kenndur skv. nýju leiðinni. Hugmyndir eru í fjarmenntaskólanum um að bæta við brautum.

6. Þorkell sagði frá uppfærslu á handbók starfsfólks og nemenda. Umræður urðu um fjarvistakerfið.
7. Guðrún fjárhaldmaður sagði frá uppgjöri vegna ársins 2017. Rekstrarkostnaður alls er 624.744.577, sértekur eru 79.091.421, gjöld umfram sértekjur samt. 545.653.156., framlag ríkissjóðs er 553.477.297. Afgangur vegna ársins 2017, að frádregnum halla síðasta árs er því 7.824.141. Hún fór yfir breytingar í ársreikningi vegna afskrifta og orlofsskuldbindinga. Þá fór hún yfir rekstraráætlun vegna ársins 2018. Fjárlög ársins 2018, birt í desember 2017 eru 587 m.kr.
8. Ingileif sagði frá því að búið er að endurvekja samstarf framhaldsskólana á Norðurlandi. Ákveðið er að skólarnir hittast 20. apríl n.k þar sem verður boðið upp á samræður milli faggreina. Rætt var um endurgreiðslu efnisgjalda, en skólinn hefur innheimt gjald innan marka og þarf því ekki að endurgreiða nemendum. Ingileif sagði frá nýju persónuverndarlögum.

Fleira ekki gert fundi slitið,

Helga Sigurðardóttir, fundarritari,

Gunnsteinn Björnsson,

Ásta Pálmadóttir,

Guðný Axelsdóttir,

Þorkell V. Þorsteinsson,

Guðrún Ottósdóttir,

Kristján Halldórsson,

Ingileif Oddsdóttir.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir,

Adolf H. Berndsen,

Kolbrún María Sæmundsdóttir,

Kristel Eir Eíkrisdóttir,

Aðalheiður Reynisdóttir,

Nína Guðbjörg Gunnarsdóttir,

---

**Póstfang /adress  
number**

Bóknámshúsinu  
550 Sauðárkrókur

**Símanúmer /phone**

455 8000

**Fax**

455 8099

**Netfang/e-mail adress**

[fnv@fnv.is](mailto:fnv@fnv.is)

**Kennitala/id-**

431080-0289